

Reglugerð um (8.) breytingu á reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11.1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað heitisins "ÍST 200:2006" í 2. mgr. kemur: ÍST HD 60364 staðlaraðarinnar.
- b. 3. mgr. orðast svo: Götulýsing, sem er hluti af rafdreifikerfi, og uppfyllir neðangreind ákvæði ásamt ákvæðum ÍST HD 60364 staðlaraðarinnar, er álitin uppfylla grunnkröfur sem tilgreindar eru í 10. gr. Þetta gildir þrátt fyrir að í ÍST HD 60364 staðlaröðinni sé tilgreint að hún gildi ekki hvað slíka götulýsingu varðar.
- c. Í stað heitisins "ÍST 200:2006" í 4. mgr. kemur: ÍST HD 60364 staðlaraðarinnar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11.2. gr. reglugerðarinnar:

- a. 4. mgr. fellur brott.
- b. Við 7. mgr., sem verður 6. mgr., bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Bilunarstraumsrofar skulu hæfa þeim bilunarstraumi sem vænta má á viðkomandi stað. Bilunarstraumsrofa af gerð AC skal ekki nota fyrir almennar ljósa- og tenglagreinar.
- c. Við 8. mgr., sem verður 7. mgr., bætist einn nýr málslíður, svohljóðandi: Tenglar til heimilisnota og ámóta notkunar skulu uppfylla kröfur sem settar eru fram í verklagsreglu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
- d. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Rafbúnaður utanhúss skal a.m.k. vera af þéttleika IPX4 ef ekkert skýlir honum.

Raflagnir í olíukyndiklefum skulu vera fastalagnir og hæfa aðstæðum, þær skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá hitaflötum og aldrei nær þeim en 10 sm. Í raflögn að kynditæki skal vera alpólarofi sem staðsettur er utan við olíukyndiklefann, hann skal vera greinilega merktur og ekki nær gólfi en 1,6 m. Snertanlegir leiðnir hlutar raflagna og rafbúnaðar í olíukyndiklefum skulu tengdir saman með spennujöfnunarleiðara við varnarleiðara raflagnarinnar. Rafbúnaður í olíukyndiklefum skal hæfa aðstæðum og hafa a.m.k. verndarstig IP44. Rafmagnstöflur, aðrar en stýritöflur fyrir stjórn kynditækja, mega ekki vera í olíukyndiklefum. Beita skal vörn með bilunarstraumsrofa með málgildi útleysistraums ekki hærri en 0,3A fyrir olíukyndivirki.

Hönnun og frágangur raflagna og rafbúnaðar á sprengihættustöðum skal vera í samræmi við ÍST EN 60079-14. Rafföng og rafbúnaður á sprengihættustöðum skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 313/2018 um búnað og verndarkerfi sem ætluð eru til notkunar í mögulega sprengifimu lofti. Skilgreining og flokkun svæða þar sem hætta er á sprengifimu andrúmslofti skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 349/2004 um sprengifimt andrúmsloft á vinnustöðum.

Hönnun og frágangur á rafmagnstöflum skal vera í samræmi við ÍST EN 61439 staðlaröðina.

Rafmagnstöflum skal koma þannig fyrir að aðgengi að þeim sé auðvelt. Ef breidd eða hæð töflunnar er meiri en 1 m skal autt rými framan við hana vera a.m.k. 0,7 m alla breidd töflunnar og frá gólfi að efri brún hennar, þó aldrei minna en 2 m frá gólfi. Óski eigandi eða umráðamaður þess, t.d. til að koma í veg fyrir óæskilega umgengni, má staðsetja rafmagnstöflur í læstu rými eða skáp. Eins má af sömu ástæðum koma búnaði fyrir á bak við lok eða hlífar sem aðeins er hægt að fjarlægja með lykli eða verkfærum.

Rafmagnstöflur sem leikmenn hafa aðgang að skulu a.m.k. hafa verndarstig IP2XC. Loka skal ónotuðum inntökum á rafmagnstöflum til að verndarstig þeirra skerðist ekki. Auk krafna um merkingar sem kveðið er á um í viðkomandi hluta ÍST EN 61439 staðlaraðarinnar skal merkja rafmagnstöflur á eftirfarandi hátt; Varanleg merking spennukerfis skal vera hluti af merkingum rafmagnstaflna. Við hvert

yfirstraumsvarnartæki skal vera varanleg merking um leyfilegan hámarksmálstraum þess. Ef rafmagnstafla fær straumfæðingu frá tveimur eða fleiri heimtaugum/kvíslum skal vera varanleg og greinileg merking um það á áberandi stað í eða við töfluna. Eins ef tafla, eða hluti hennar, inniheldur búnað sem getur verið spennuhafa eftir rof straumfæðingar, nema viðkomandi búnaður sé gerður fyrir varnarsmáspennu og/eða sé með þéttum þar sem spennan fer ekki yfir 120VDC 5 sekúndum eftir straumrof.

3. gr.

Í stað heitisins "ÍST 200:2006" í 2. lið 1. mgr. 11.3. gr. reglugerðarinnar kemur: ÍST HD 60364 staðlaröðina.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11.4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað heitisins "ÍST EN 50423-1:2005" og "ÍST EN 50423-3:2005" í 1. mgr. kemur: ÍST EN 50341-1 og ÍST EN 50341-2-12.
- b. Í stað "töflu 52A í ÍST 200:2006" í 3. mgr. kemur: viðauka A, kafla 52 í ÍST HD 60364 staðlaröðinni.
- c. Í stað heitisins "ÍST 200:2006" í 5. mgr. kemur: ÍST HD 60364 staðlaraðarinnar.

5. gr.

Í stað heitisins "ÍST EN 50341-1:2001, ÍST EN 50341-3-12:2001, ÍST EN 50423-1:2005 og ÍST EN 50423-3:2005" í 13.1. gr. reglugerðarinnar kemur: ÍST EN 50341-1 og ÍST EN 50341-2-12.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. október 2020.

Ásmundur Einar Daðason.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.